

## Mikilvægi raunfærnimats á Íslandi

Raunfærni er heiti sem notað er um þekkingu, færni, hæfni og námsárangur sem einstaklingar afla sér með starfsreynslu, starfsþjálfun á vinnustað, með margvíslegum námskeiðum, sjálfsnámi og með öðru óformlegu námi, þjálfun og annarri skipulagðri reynslu utan formlega skólakerfisins.

Mat og vottun um raunfærni er jafngilding þessarar reynslu, með formlegum opinberlega viðurkenndum hætti, á við formlega skólagöngu og skólapróf.

Um þessar mundir er mikið unnið að þessum málum meðal nágrannaþjóða okkar, og ber það vitni um almenna menningar- og menntunarþróun sem nú orðið nær út fyrir formleg skólakerfi. Þessi þróun lýsir frábærum árangri skólastarfs þessara þjóða og sýnir nýjan áfanga í árangri skóla- og menntakerfanna.

Það eru ótvíræðir hagsmunir íslensku þjóðarinnar að taka virkan og öflugan þátt í þessari framvindu. Málið varðar bæði einstaklingana, atvinnulífið og samfélagið í heild. Málið snertir beinlínis lífstækifæri fólks, samkeppnishæfni fyrirtækja og atvinnugreina og stöðu og framtíðarstyrk samfélagsins. Málið felur í sér augljósa skírskotun til framamöguleika ungs fólks, til jafnaðar á vinnumarkaði og til jafnréttis kynjanna.

Formleg opinber skilgreining og tilhögun á vottun um raunfærni er einn mikilvægasti áfanginn sem unnt er að ná til þess að sækja að þessum viðtæku og mikilsverðu menningar- og samfélagsmarkmiðum.

Um gildi raunfærnimats og raunfærnivottunar fyrir einstaklingana þarf ekki að hafa mörg orð. Viðurkenndir námsáfangar eru einfaldlega skilyrði og forsenda frama, atvinnutækifæra, starfsréttinda og lífstækifæra fyrir langflest.

Um gildi raunfærnimats og raunfærnivottunar fyrir fyrirtækin og atvinnulífið fer sömu sögum. Árangur atvinnulífsins er beinlínis undir þeim mannauði kominn sem í boði er á vinnumarkaði. Mannauður er manneskja eflid með raunfærni, hvort sem sú efling er fengin innan eða utan formlega skólakerfisins. Alkunnugt er að atvinnulífið hefur ævinlega notfært sér raunfærni starfsmanna, mannauðinn, langt

út fyrir og fram yfir það sem formlegt skólakerfi hefur boðið. Raunfærni er forsenda fyrir samkeppnishæfni, arðsemi, þróunarhæfni og gæðum í atvinnulífinu.

Það sem hér hefur komið fram nægir auðvitað til að ítreka mikilvægi raunfærni, raunfærnimats og raunfærnivottunar fyrir allt samfélagið. En ég vil hnykkja á einu atriði til viðbótar. Raunfærni skiptir öllu máli fyrir lífvænlegt og frjótt menningarlíf, menningarsköpun og listalíf. Við munum aldrei geta greint skýrlega á milli þeirrar þjálfunar sem lýtur að starfi og þeirrar sem veit að tómstundum, einkalífi og lífsfyllingu. Raunfærni er annað orð um sjálfsmenntun, sjálfsþroskun, og þannig er hún vitaskuld lykilhugtak í allri menningar- og mannúðarsókn yfirleitt.

Ekki þarf að orðlengja að fjölmargir fremstu menn þjóðarinnar fyrr á tíð í fræðum, listum og vísindum, verktækni og framkvæmdum voru sjálfmenntaðir að miklu eða mestu leyti.

Nokkur dæmi skulu nefnd til að sýna við hvað er átt. Allir þekkja lagaákvæði um að sérhver sem orðinn er 19 ára hefur forsendur til að hefja nám á grunnstigi framhaldsskóla. Þetta er mjög einfalt dæmi um vottun um raunfærni. Þekkt er á Norðurlöndunum svokölluð 25-ára-regla um inngöngu til náms á háskólastigi, svo að annað dæmi sé nefnt. Meðal Bandaríkjamanna og víðar hafa lengi tíðkast stöðupróf sem öllum almenningi eru boðin, og er það þriðja dæmið.

Það er mikilvægt að umræður um raunfærni, raunfærnimat og raunfærnivottun verði alveg jarðbundnar og skýrar.

Í fyrsta lagi erum við að tala um skilgreindar forsendur til þess að einstaklingur geti hafið eitthvert tiltekið nám innan formlega skólakerfisins eða gengið inn á skilgreindan námsáfangar þar. Áður nefndi ég upphaf framhaldsskóla og inngöngu á háskólastigi. Einnig kemur til álita innganga ofar eða lengra á tilteknu skólastigi og jafnvel á tilteknum námsbrautum. Forsendur einstaklingsins eru þá lífaldur, eitthvert fyrra nám og/eða mat og vottun á raunfærni sem hann hefur öðlast með starfsreynslu, starfsþjálfun, námskeiðum, fjarnámi, sjálfsnámi, stöðuprófum, og/eða skilgreindri félagsreynslu.

Í öðru lagi erum við að tala um skilgreindar forsendur til þess að einstaklingur teljist hafa lokið einhverju tilteknu námi, þjálfunar- eða námsáfangar sem veitir staðfesta starfsmenntun, staðfest starfsréttindi eða menntunartitil, eða áfangar að fagréttindum eða menntunartitli. Forsendurnar eru þá einnig metnar með þeim

hætti og skilmálum sem áður voru nefndir, skilgreindar með málefnalegum rökum í hverju atviki.

Formlegt skólakerfi samfélagsins leikur undirstöðuhlutverk varðandi mat og vottun á raunfærni. Mat og vottun á raunfærni mun einnig í framtíðinni leika mikilvægt hlutverk í og fyrir formlega skólakerfið. Það er mikilvægt atriði að með vottun um raunfærni er hvergi og í engu um það að ræða að menn séu að koma sér undan málefnalegum kröfum um þekkingu, hæfni, þjálfun eða nám, heldur einmitt þvert á móti er samfélagið að virða og viðurkenna lengri og í raun erfiðari leiðir með málefnalegum og sanngjörnum hætti.

Mat og vottun um raunfærni og skólakerfið eru samstæður sem efla og styrkja hvor aðra, og þannig verðum við að líta á málið og slík samefning verður að ráða miklu um þá opinberu viðurkenningu og tilhögun sem framundan er að móta.

Mikilvægi raunfærni almennt er í raun hið sama og við á um skólagöngu. Efnahags- og framfarastofnunin OECD metur það svo að það séu bein tengsl milli námsárangurs og atvinnuþátttöku og atvinnumöguleika. Stofnunin metur það svo að menntun og tekjuöflun þróist samstiga. Og stofnunin hefur bent á ljósar tengingar varðandi efnahags- og atvinnustöðu kvenna. OECD hefur ennfremur bent á greinileg tengsl milli menntunarstigs annars vegar og hins vegar framleiðni í atvinnulífi og hagvaxtar.

Rannsóknir sem prófessor Þorvaldur Gylfason hefur vitnað til sýna að fjölgun einstaklinga með framhaldsskólamenntun um þriðjung virðist auka árlegan hagvöxt um 1 % sérstaklega, þ.e.a.s. um eitt viðbótar-hagvaxtarstig ár eftir ár. Og Þorvaldur hefur vakið athygli á því sérstaklega að með öllum frávikum virðast 6% hærra laun einstaklings að jafnaði fylgja hverju viðbótarári í skólagöngu.

Í öllu þessu mati á mannauði verður að hafa það í huga að önnur hlið snýr að samfélagslegum viðfangsefnum. Þróist mannauður verður þá jafnframt aukinn samfélagsauður. Og þessi auður verður sannarlega látinn í askana.

Fræðslustarfsemin, hvort sem er reglubundin skólastarfsemi eða með öðrum hætti, er undirstöðuatvinnuvegur allra annarra atvinnuvega í nútíma-samfélagi. Raunfærni, ásamt formlegu opinberlega viðurkenndu mati og vottun hennar, er gildur og vaxandi þáttur í þessum undirstöðuatvinnuvegi. Með viðurkenningu og opinberri tilhögun á þessum þætti nær þessi undirstöðuatvinnuvegur markmiðum

sínum betur en ella og jafnframt er sótt að viðtækum menningar-, mannúðar- og samfélagsmarkmiðum.

Íslendingar hljóta um leið að sjá í þessu mikilvæg þjóðernisleg og þjóðmenningarleg markmið.

Árið 2001 höfðu um 19 % Íslendinga á vinnualdri aðeins grunnskólamenntun og önnur 16 % höfðu auk þess gamla gagnfræðaprófið eða einhver starfsnámskeið að baki. Staða mála var með öðrum orðum sú fyrir þremur árum á landi hér að rúmlega þriðji hver maður á vinnumarkaði stóð höllum fæti vegna menntunar. Þetta fólk hafði vitaskuld meiri og minni raunfærni en hún hafði ekki verið metin, ekki verið viðurkennd til frekari frama eða menntatækifæra, og í mörgum atvikum ekki verið metin til launa heldur.

Í þessu öllu felst að ástæða er til að draga það í efa að samfélagið hafi fengið fulla nýtingu út úr þessum mannauði, um leið og einstaklingarnir fá varla full tækifæri til að nýta krafta sína, njóta hæfileika sinna og eflast að metnaði og framfaraprá. Þetta er þá missir mannréttinda einstaklinganna og tap allrar þjóðarinnar.

Þetta virðist helst snerta nokkra samfélagshópa. Unglingar sogast út á vinnumarkaðinn frá óloknum námsferli í veltiári og verða síðan fyrstir til að missa vinnuna þegar harðnar í ári, og sitja svo eftir á kafi í fjölskylduskuldum og komast ekki lönd eða strönd, margir hverjir orðnir mjög færir í starfi en fá ekki málefnalegt mat á raunfærni sína hvort sem væri til náms eða til starfsöryggis og starfsframa. Hingað flytjast vinnusamir, samviskusamir og heiðarlegir útlendingar og vilja verða íslenskir og eru svo slegnir út af borðinu við minnsta golupyt í atvinnuástandi. Þau koma hingað með hæfileika hugar og handa en sjálfsagðar æskilegar framaleiðir eru þeim lokaðar. Uppvaxandi fólk á fækkunarsvæðum á landsbyggðinni og þeir á sömu slóðum sem þurfa að skipta um bjargræði á miðjum aldri, með mikla ævireynslu úr fjölþættum störfum og sjálfsbjargarviðleitni, standa höllum fæti. Konur ganga aftur til starfa eftir uppeldisstörf heima fyrir og koma að slagbröndum. Dæmi hafa ennfremur verið nefnd um hópa sem hafa lotið í lægra haldi á skólagöngu vegna þess að ráðandi mat formlega skólakerfisins hefur tekið takmarkað tillit til ýmissa eiginleika og sjónarmiða sem vitund um raunfærni vekur einmitt athygli á.

Þessir hópar eru síðan í hættu á að dragast lengra aftur úr, vegna hraða breytinga og þróunar.

Meðal annars vegna sérstöðu þeirra hópa sem nú voru nefndir hefur áhersla verið lögð á að framvinda raunfærnimats og raunfærnivottunar verði tengd hugmyndum um annað tækifæri til náms, að einstaklingum sem horfið hafa frá námi verði auðveldað að komast aftur af stað á námsbrautinni. En þessu til viðbótar hljótum við að stefna að því að hér verði almenn aðstaða til símenntunar og svokallaðs ævináms, með fram virkri og fullri þátttöku í atvinnustarfseminni.

Það er ástæða til að ítreka mikilvægi mats og vottunar um raunfærni fyrir atvinnulífið og atvinnufyrirtækin. Menntun, hvort sem er á skólabekk eða við mat og vottun um raunfærni, tengist beinlínis stöðugleika, þróunar- og nýsköpunarhæfni, vinnuaga, starfsánægju, framleiðni, afköstum, gæðum, og lífshjörum.

Fjölbjóðlegur samanburður ítrekar mikilvægi þessara mála fyrir framtíðartækifæri og framtíðarstöðu þjóðarinnar yfirleitt.

Það fer ekki á milli mála að þjóðin þarf nokkurs konar menningarbyltingu í þessum efnum. Mat og vottun á raunfærni er aflið sem knýr slíka byltingu og tryggir framgöngu hennar þjóðinni allri til blessunar.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var stofnsett til að verða þetta framfaraafl.